

16

31. jan.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 11 23. apríl 1928, um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,
forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,
gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn öðrum ákvæðum laganna svo og reglugerðum og öðrum ákvæðum, sem sett verða samkvæmt þeim, varða 500—50000 kr. sektum, nema þyngri refsing liggji við eftir öðrum lögum. Sá, sem brotlegur verður, skal auk þess bæta allt það tjón, er hljótast kann af óhlýðni hans.

2. gr.

Aftan við 7. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Í reglugerð getur ráðherra sett fyrirmæli um niðurskurð gripa og um einangrun heimila og héraða, þar sem gin- og klaufaveiki eða annars hættulegs alidýrasjúkdóms hefur orðið vart eða grunur leikur á, að slíkur sjúkdómur hafi komið upp. Enn fremur ákvæði um bætur úr ríkissjóði fyrir gripi, sem slátrað verður, afurðatjónsbætur, greiðslu sóttþreinsunarkostnaðar, svo og önnur þau atriði, er þurfa þykir. Í reglugerð má ákveða, að bætur fyrir slátrun gripa og afurðatjón skuli ákveðnar af þremur mönnum tilnefndum af hæstarétti og verði mati þeirra ekki skotið til yfirmats.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. janúar 1952.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.
(L. S.)

Jón Ásbjörnsson.

Hermann Jónasson.